

**62. þing Sundsambands Íslands  
Efstaleiti 7, Reykjavík  
24. og 25. mars 2017**

**Þingskjal nr: 2017 – 10a**

**62. þing Sundsambands Íslands haldið í Efstaleiti 7, Reykjavík, 24. og 25. mars 2017**  
samþykkir meðfylgjandi reglugerð um kosningar í Íþróttamannanefnd SSÍ sem myndi þá falla undir  
XIII. kafli – Aðrar reglugerðir SSÍ í samræmi við tillögu 2017-11

**b) Reglugerð um kosningar í Íþróttamannanefnd SSÍ.**

1. grein

Kosin skal í 5 manna Íþróttamannanefnd SSÍ innan mánaðar frá því að sundþingi lýkur.

2. grein

Í Íþróttamannanefnd SSÍ situr sundfólk sem er 16 ára eða eldra, æfir með afrekshópi í sínu félagi og hefur verið tilnefnt af félögum sínum í hópnum. Einungis er mögulegt að tilnefna einn einstakling frá hverju félagi.

3. grein

Kosningarétt hafa allir sundmenn, 13 ára og eldri, skráðir í félög innan SSÍ.

4. grein

Stjórn SSÍ setur saman kjörstjórn sem hefur umsjón með kosningunni. Í kjörstjórninni skulu sitja einn stjórnarmaður SSÍ, einn nefndarmaður í Aga- og siðanefnd SSÍ og einn tilnefndur af ÍSÍ.

5. grein

Kjörstjórn er heimilt að skipa sér trúnaðarmann í hverju félagi, sem framkvæmir kosningu í hennar umboði, kjörstjórn telur atkvæðin og tilkynnir úrslit.

6. grein

Stjórn SSÍ kallar Íþróttamannanefnd SSÍ saman í fyrsta sinn eftir kosningu og á þeim fundi skiptir ráðið með sér verkum.

7. grein

Íþróttamannanefnd SSÍ á seturétt undir fyrsta lið hvers stjórnarfundar SSÍ.

8. grein

Íþróttamannanefnd SSÍ hefur ekki sjálfstæðan fjárhag, en allur kostnaður við nefndina og kosningu í hana er greiddur af SSÍ.